

Ed.

189. Frumvarp

til laga um bifreiðaskatt.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Af bifreiðum, sem notaðar eru til mannflutninga, skal greiða árlegan skatt í rikissjóð eins og hjer segir:

Af bifreið fyrir	1 mann	150 kr.
— — —	2 menn	200 —
— — —	3 —	250 —

og svo áfram þannig, að skatturinn vex um 50 kr. fyrir hvern mann, sem bifreiðin rúmar, að meðtöldum bifreiðarstjóra, þó svo, að skatturinn fari eigi fram úr 500 kr. á bifreið.

Undanþegnir gjaldi þessu eru vagnar, sem renna á spori eða eru notaðir eingöngu af slökkviliði.

Enn fremur getur ráðherra undanþegið skatti þessum bifreiðar, sem eingöngu eru notaðar í opinberar þarfir.

2. gr.

Skattur þessi fellur í gjalddaga 1. júlí ár hvert, í fyrsta skifti árið 1920, og innheimtist af lögreglustjóra þar, sem bifreið er skrásett. Gjaldskylda telst frá afhendingu bifreiðarmerkis, ef um nýskrásetta bifreið er að ræða, en ella frá 1. júlí 1919, og reiknast skatturinn hlutfallslega fyrir part úr ári, hvort sem svo stendur á, að merki hefir verið afhent á gjaldárinu eða gjaldskyld bifreið hefir ónýst. Skattinn skal sá greiða, sem er eigandi á gjalddaga eða síðast var eigandi, ef bifreið er ónýt. Skatturinn hefir lögtaksrjett, enda er bifreiðin að veði fyrir honum.

3. gr.

Lögreglustjórar greiða skattinn í rikissjóð, eftir sömu reglum og aðrar tekjur hans, og um reikningsskil fer eftir því, sem fjármálaráðherra skipar fyrir.